

## Fundur hjá stjórn foreldrafélags Húsaskóla

**Mættir:** Guðrún Bára formaður, Guðný Halla ritari, Hanna Sóley skólaráðsfulltrúi, Anna Sigga fulltrúi 6. bekkjar, Sveinn fulltrúi 4. bekkjar, Hákon fulltrúi 5. bekkjar, Sara fulltrúi 1. bekkjar, Heiðveig fulltrúi 3. bekkjar og Harpa fulltrúi 2. bekkjar.

1. Fundargerðir, allar á heimasíðu skólans
2. Frá fundi í Miðgarði
  - a. Bára sagði frá fundi sem hún fór á í Miðgarði í síðustu viku. Þar voru formenn foreldrafélaganna í Grafarvogi, fulltrúi Miðgarðs, fulltrúi lögreglunnar, fulltrúi Gufunesbæjar. Þar var rætt um Gróska og fyrirlestra þeirra. Gróska er að vinna að því að bjóða foreldrum í hverfinu á fyrirlestra. Búnir eru að vera 2 fyrirlestrar í vetur og fleiri í deiglunni. Skólarnir geta þá beint foreldrum á þá í stað þess að eyða félagsgjöldum félaganna í fyrirlestra fyrir foreldra í hverjum skóla fyrir sig.
  - b. Sagt var frá því að allir skólar í hverfinu eru heilsueflandi og rætt var um hvort að það ætti að gera meira úr því að við byggjum í heilsueflandi samfélagi.
  - c. Á fundinum var einnig rætt um foreldrarölt í hverfinu. Ákveðið að svo stöddu að hvíla það áfram.
  - d. Félagsmiðstöðvarnar rúnta hring í hverfinu eftir sína viðburði til að fylgjast með krökkunum. Eitthvað er um það að unglingar safnist saman uppi í Spöng en það hefur ekki verið til vandæða núna.
3. Fyrirlestur
  - a. Erum búin að bóka Önnu Steinsen frá Kvan 16. mars. Guðrún Bára ætlar samt að athuga hvort að Gróska taki að sér að halda þennan fyrirlestur.
4. Öskudagur 26. febrúar
  - a. dreifing blaða helgina á undan, 5. Bekkur sér um það. Hrafnhildur bekkjarfulltrúi 5. bekkjar er komin með allt skipulag til sín og sér um verkefnið.
5. Vorhátíð 3. og 6. bekkur - Búið að virkja nefnd og setja af stað skipulag.
  - a. Færð fram til 19. maí - Athuga hvort að foreldrafélagið vilji borga fyrir posa leigu ? Það fer í skoðun. Guðrún Bára ætlar að athuga hvaða fjármagn nefndin hefur til að eyða á hátíðinni.
  - b. Vegna þess að vorhátíð hefur verið færð fram þá ætlum við að skoða það að færa líka aðalfundinn fram í síðustu vikuna í maí.
6. Páskabingó bingó miðvikudaginn 25. mars 17:30 - 19:00
  - a. (1.b. & 4.b.) / veitingasala (6.b) - bekkjarfulltrúarnir í 1. og 4. bekk ætla að koma þessari vinnu af stað.
7. Spjallfundir í bekkjum á vorönn- staða? Búið er að halda fund í 1. og 6. bekk og 5. bekkur er með fund í vikunni. Aðrir bekkir eru ekki búnir að fast setja fundi.
8. Málefni til/frá skólaráði - Hanna Sóley sagði frá nýjum gildisorðum skólans sem unnin voru þemavikunni í haust. Nýju orðin eru virðing, samvinna, jákvæðni. Næsti fundur í skólaráði er í byrjun mars.